

Breyting á rammasamningi

milli Sjúkratrygginga Íslands (SÍ) og sálfræðinga,
dags. 29. desember 2009, sem framlengdur var þann 17. desember 2010.

1. mgr. 1. gr. samningsins orðist svo:

Samningur þessi er gerður á grundvelli laga nr. 112/2008 um sjúkratryggingar og tekur til sálfræðipjónustu á eigin starfsstofum sálfræðinga utan sjúkrahúsa fyrir börn og unglinga, til 18 ára aldurs, með alvarlegar geð-, hegðunar- og þroskaraskanir.

2. mgr. 5. gr. samningsins orðist svo:

Í tilvísun er tilgreindur fjöldi meðferðartíma og gildistími. Fjöldi meðferðartíma í hverri lotu getur verið allt að tíu og gildistími tilvísunar allt að 6 mánuðir frá því að meðferð hefst. Meðferð skal lokið innan gildistímans. Tilvísun frá barnageðlækni/barnalækni teymisins þarf að fylgja sjúkdómsgreining byggð á ICD-10, stutt ágríp fjölskyldu-, þroska-, skóla og sjúkrasögu, upplýsingar um fyrri meðferð og greiningar og meðferðarmarkmið.

Eftirfarandi málsgrein bætist við 6. gr. samningsins:

Einstaklingur sem hafið hefur meðferðarlotu, með tilvísun, sbr. 5. gr. samningsins, áður en 18 ára aldri er náð, en hefur ekki náð að ljúka henni, á rétt á að ljúka henni skv. samningi þessum.

Reykjavík, 22. janúar 2016

F.h. Sjúkratrygginga Íslands

Guðlaug Bj
Frjálög forstjórn.